



PÉSI

ATH!! Næsti Pési kemur út í **febr.** Efni þarf að berast í síðasta lagi **3. febr 2021**



Frá Bókasafni Hrunamanna



Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 19-20

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 11-13



Nú er mikið af nýjum bókum á bókasafninu, verið velkomin að kíkja við eða hafa samband.

Inn á slóðunum www.leitir.is og www.gegnir.is, nánar tiltekið inná „*Mínum síðum*“ geta lánþegar séð skiladag, framlengt lánum og fleira.

Alltaf er hægt að skila safngögnum í skilalúgunu.

Sjáumst á bókasafninu ☺


Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  **facebook**.



Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími:

Mánudaga - miðvikudaga: 16:00-20:30

Fimmtudaga: LOKAÐ

föstudaga: 16:00-20:30

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00



Jan 2021
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

31 árgangur.
356 tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Þá er árið 2021 runnið upp og Covid 2020 árið að líða sem fáir sakna hvað það varðar. Vonandi verður veturinn og þetta ár í samræmi við veðrið og skýjafarið sem hefur glatt okkur að mestu leyti síðustu daga. Það er von mín að með hækkandi sól verði lækkandi Covid áhrif en þó samfélagið hérna hafi nú sloppið bærilega þá þurfum við öll halda vöku okkar, huga að sóttvörnum og almennt þreyja Þorrann og Góuna í bókstaflegum skilningi. Það er því miður nokkuð ljóst að þorrablot verða ekki með hefðbundnum hætti og hið heimsfræga hjónaball verður ekki á venjubundnum tíma en það er nú lítil fórn til að vera laus við veiruskrattann.

Það hefur verið mjög flókið verkefni að klára vinnu við að útfæra styttingu vinnutímans hjá dagvinnufólki en búið er að útfæra þetta í bili en þá tekur við vinnutímastytting vaktavinnufólks sem er reyndar ekki stór hópur hjá okkur. Það hefur eðlilega verið gagnrýnt að stytting vinnutímans í leikskólanum hafi leitt til þess að niðurstaðan yrði sú að leikskólinn lokaði klukkan þrjú á föstudögum í stað fjögur. Þessi niðurstaða er reyndar til reynslu fram að sumarfrí en nýjir kjarasamningar við alla starfsmenn leikskólans verða til ýmissa áskorana fyrir okkur. Það sem þurfti og þarf að leysa er að til kemur meiri tími í undirbúning, allir starfsmenn eru komnir með 6 vikna sumarfrí og síðan bættist við stytting vinnutímans sem er að lágmarki 65 mín. á viku miðað við fullt starf. Þá sýnist okkur að samfélagið muni greiða á þessu ári nálægt 3,5 milljónum með hverju leikskólabarni jafnframt því að verið er að vinna að því að leikskólinn verði gjaldfrjáls og þriðja árganginum í því sambandi bætt við næsta haust. Þá þarf atvinnulífið allt að mæta ákvæðum kjarasamninga um styttingu vinnutímans og þar virðast atvinnurekendur almennt líta mikið til styttingu vinnuvikunar eftir hádegi á föstudögum. Einnig er tilgangur vinnustyttingar líka að auka möguleika foreldra til að eyða meiri tíma með börnum sínum og stuðla þannig að barnvænu samfélagi. Allt þetta leiddi til þessarar niðurstöðu og við verðum að sjá hvernig til tekst með þetta allt saman.

Núna er verið að stilla sig inn á framkvæmdir þessa árs og búið er að skrifa undir verksamning við Gröfutækni um framkvæmdir í Gröf sem á að ljúka í sumar. Þá eru fyrstu skref farin af stað við lagningu á hitaveitu frá Kópsvatnsholunni og útboð vegna hringtorgs á Flúðum og tengdum framkvæmdum ætti að fara að stað í þessum mánuði. Tengdar gleðilegar fréttir eru að búið er að bjóða út veginn frá Brúarhlöðum að Gullfossvegi og mun sú framkvæmd klárlega nýtast okkar sveitarfélagi vel til að hringtengja okkur enn frekar. Það rímar síðan ágætlega við verkefni sem verið er að vinna með landeiganda við Brúarhlöð að byggja þann stað upp sem ferðamannastað í samvinnu við Framkvæmdasjóð Ferðamannastaða.

Úrgangsmálin halda áfram að vera verðugt verkefni en okkur sýnist samt að með þeim breytingum sem gerðar voru fyrir ári síðan höfum við náð árangri í úrgangsstjórnun og einnig kostnaði vegna málaflokksins. Við hvetjum alla til að nýta sér þær „afurðir“ sem til falla á gámasvæðinu og almennt til endurnýtingar og endurnotkunar á sem flestu.

Það er síðan gaman að sjá þegar nýjir atvinnusprotar verða til í sveitarfélaginu og nú hefur Adda Sigga í Miðfelli komið sér upp fótaaðgerðarþjónustu í Miðfelli sem hentar vel fyrir fótafúið fólk sem og aðra. Hvet ég alla til að skoða í sínum ranni hvort ekki séu möguleikar að koma upp þjónustusprotum í sveitarfélaginu því mjór er mikill vísir.

Þó árið 2020 hafi ekki verið kvatt með brennum þá hélt Björgunarfélagið Eyvindur upp á tíðindin með glæsilegri flugeldasýning á gerfiþrettándanum. Því góða félagi verður seint fullþakkað fyrir óeigingjarnt starf í þágu samfélagsins og hvet ég fólk og fyrirtæki eftir efnum og aðstæðum að styðja starfsemi þeirra. Að lokum hvet ég fólk til að stríða myrkrinu og Covid pestinni með því að láta ljós loga út janúarmánuð.

Ég vil óska öllum gleðilegs og gæfuríks nýs árs og þakka fyrir góð samskipti á því liðna.

Jón G. Valgeirsson

ODDVITAPISTILL

Kæru Hrunamenn og aðrir lesendur

Nú er nýtt ár gengið í garð og árið 2021 tók á móti okkur með logni og sól á fyrsta degi ársins. Það verður vonandi hægt að segja í lok árs að árið hafi mestmegnis einkennst af logni og sól hvort sem er í veðri eða öðrum hlutum.

Árið 2020 er ár sem má segja að hafi verið árið sem við þurftum að breyta hefðum og venjum, og hið venjulega norm hafi breyst. Þó árið hafi á margan hátt verið erfitt og krefjandi má einnig segja að það hafi kennt okkur ýmislegt jákvætt.

Okkur Hrunamönnum heldur áfram að fjölga og einnig er svo með íbúðir á svæðinu en á síðasta ári voru byggðar nokkuð af íbúðum sem nú eru fullar af lífi eða eru að fyllast. Einnig hefur verið nokkur sala á eldri húseignum á svæðinu. Við erum að komast í þrot með lóðaframboð og því er það ánægjulegt að nú er að fara í gang gatnagerð í nýju íbúðasvæði í Gröf. Byrjað verður á Reynihlíð og Birkihlíð í fyrsta áfanga og munum við fara í að auglýsa lóðir nú á næstu vikum.

Nú í desember lauk vinnuhópur um fýsileikakönnun á uppbyggingu á hjúkrunarheimili vinnu sinni. Niðurstaða hópsins var að raunhæft er að hjúkrunarheimili verði byggt hér í uppsveitunum og hvatti til að halda áfram að vinna að þeirri uppbyggingu í samvinnu við þau sveitarfélög hér í kringum okkur sem áhuga hafa. Nú er því verið að skipa í sameiginlegan vinnuhóp með Bláskógabyggð og Grímsnes-og Grafningshreppi til að halda áfram með verkefnið sem mun vonandi leiða til þess að í nánustu framtíð sjáum við hjúkrunarheimili hér í uppsveitum Árnassýslu.

Verkefni heilsuefandi samfélags eru í fullum gangi og hefur verkefnisstjóri verið duglegur að koma með nýjungar og hvatningar til fólks um heilsuefningu í breyttu umhverfi. Hvet ég alla til að huga vel að heilsuefningu nú sem endra nær.

Í byrjun desember samþykkti sveitarstjórn að taka þátt í verkefninu, barnvænt samfélag og tengja það jafnframt við innleiðingu á heimsmarkmiðunum. Inn á heimasíðu verkefnisins er hægt að sjá upplýsingar um verkefnið og ég hvet alla til að skoða það

<http://barnvaensveitarfelog.is/> .

Í lok árs var fjárhagsáætlun fyrir 2021 samþykkt. Áætlunin gerir ráð fyrir jákvæðri rekstarniðurstöðu hjá A og B hluta upp á tæpar 10 milljónir.

Nettófjórðingur ársins verða um 336,5 milljónir og skiptist hún í 111,5 millj. í eignasjóði, 35 millj. í fráveitu, 76 millj. í vatnsveitu, 112 millj. í hitaveitu og 2 millj. í Hrunaljós.

Heilmiklar vegaframkvæmdir eru fyrirhugaðar í sveitarfélaginu á næstunni og hægt er að gleðjast yfir því.

Verið er að vinna í að fá samþykki landeigenda fyrir breytingum á Hrunavegi og Langholtsvegi en nú stýttist í að þeir verði lagfærðir og lagðir slitlagi.

Hringtorgið við búðina verður loksins að veruleika á þessu ári og verður verkefnið boðið út fljótlega. Það verður heilmikil framkvæmd og má segja að stór hluti af framkvæmdafé okkar þetta árið tengist hringtorginu en í tengslum við þá framkvæmd munum við laga veginn í átt að sundlauginni og jafnframt svæðið fyrir framan félagsheimilið.

Nú er verið að hanna nýja brú yfir Stóru Laxá og stefnt er að því að bjóða þá framkvæmd út á árinu.

Verið er að leggja lokahönd á lagningu ljósleiðara á Flúðum og geta því íbúar farið að semja við fjarskiptafélögin um tengingar. Þegar tengingum á Flúðum er lokið er allt sveitarfélagið orðið ljósleiðaratengt. Skólarnir okkar hafa staðið í ströngu þetta árið og starfað við mjög óvenjulegar og krefjandi aðstæður. Óhætt er að segja að starfsmenn og nemendur hafa staðið sig vel í þeim áskorunum sem þetta ástand hefur lagt á okkur.

Mig langar að þakka öllu starfsfólkinu okkar fyrir hversu lausnamiðað það var í þeim verkefnum sem lágu fyrir á árinu og hversu vel þau leystu þau.

Stytting vinnuvikunnar kom til framkvæmda hjá stærstum hluta starfsfólks sveitarfélagsins núna 1. janúar. Það er áskorun að þúsla saman þannig að það henti flestum. Stytting vinnuvikunnar er verkefni alls samfélagsins, bæði atvinnurekenda og launþega og því nauðsynlegt að hægt sé að samræma óskir og kröfur svo að það henti sem flestum en ljóst er að breytingar sem þessar koma alltaf til með að hafa áhrif.

Okkar öflugra íþrótta-, æskulýðs- og menningarstarf hefur eins og aðrir þurft að breyta sínu starfi eða setja í pásu. Það finna það allir þegar ekki er lengur hægt að stunda tómstundastarf hvað það er ómetanlegt að hafa það val að geta tekið þátt í svona starfi og vonandi stýttist í þann tíma að hægt er að koma starfinu öllu á fullt skrið aftur.

Mörg mál hafa komið inn á borð hjá okkur á liðnu ári og hvet ég alla til að lesa fundargerðir sveitarstjórnar, sem hægt er að nálgast á heimasíðunni okkar, til að fylgjast með því sem er að gerast á borði sveitarstjórnar því erfitt er að koma því öllu fyrir í einum pistli.

Að lokum vil ég óska þeim, Jóhannesi og Kristínu í Hvammi 2a sem fengu umhverfisverðlaun Hrunamannahrepps, Vinnustofunni Kjallaranum sem fengu umhverfiskrós Hrunamannahrepps, Þórdísi Jónu Kristjánsdóttur sem var kosinn íþróttamaður Hrunamannahrepps, og öllum þeim sem með atorku sinni og dugnaði náðu langt, innilega til hamingju með viðurkenningarnar.

Einnig vil ég enda á því að þakka :

-öllum þeim sem leggja sitt af mörkum til að gera samfélagið okkar eins gott og það er.

- Öllu okkar góða starfsfólki fyrir þeirra störf, bæði þeim sem starfa hér hjá okkur í sveitarfélaginu og þeim sem starfa fyrir okkur í samstarfsverkefnum.

- Öllu nefndarfólkinu okkar sem situr í nefndum sveitarfélagsins fyrir þeirra störf.

-Sveitarfélögunum hér á svæðinu fyrir gott samstarf á árinu.

-og sveitarstjórn fyrir gott starf á árinu og góða samvinnu.

Ég óska ykkur öllum gleðilegs árs og vona að nýja árið verði okkur öllum bjart og fagurt.

Halldóra Hjörleifsdóttir oddviti Hrunamannahrepps.

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími .

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00

og 13:00-16:00,

Föstudaga: 09:00-12:00

Sími: 480-6600



Hrunamannahreppur

Uppspretta vellíðunar
NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar
www.fontana.is

LAUGARVATN
fontana
Höskuldur frá landnámi

Flokkunarhornið.

Sprittkertakoppar og hreinar dósir mega fara í bláu tunnuna.



LANDSTÓLPI 20
3ra
-2000-2020-

Mobil Super 3000
Mobil Super 2000

**Þú færð rekstrarvörur til heimilis og olíuvörur hjá okkur!
.....og allt fyrir dýrin....stór og smá!**

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
Sími 480 5600 - Opið virka daga 8-17

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
Sími 480 5610 - Opið virka daga 9-17

Flutningaþjónusta Unnars

Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Opnunartími á Gámasvæðinu á Flúðum!!

Opnunartíminn verður frá kl. 13:00-18:00, mánudaga, miðvikudaga, föstudaga og laugardaga. Fyrir utan þessa tíma verður gámasvæðið aðgengilegt á fæti og auk þess verður í neyðartilvikum hægt að hafa samband við starfsmenn sveitarfélagsins um aðgengi að svæðinu.

Sími hjá umsjónarmanni gámasvæðis: 835 1355

Lyfja útibú Laugarási

OPNUNARTÍMI

mánud. – fimmtudaga: 10 - 16

föstudaga: 10 - 13

Laugarás

Heilsugæslustöð



Laugarás, 801 Selfoss



432 2770

SÍMI VAKTÞJÓNUSTU LÆKNA
OG HJÚKRUNARFRÆÐINGA

Á HSU ER 1700

Í NEYÐARTILVIKUM HRINGIÐ

Í 112

Dömu- og herraklipping, litun -og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

Vinsamlegast pantið tíma í síma

845-9816 Halyna.



KRANAÞJÓNUSTA

B. R. SVERRISSON EHF.

Sími 864 2499 (Bjarni)
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter
2 t spil • Bíll með drifi á framöxli

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

VIÐ KOMUM ÞÉR Í
GOTT SAMBAND

LJÓSLÉIÐARINN ER KOMINN TIL ÞÍN



GIGABIT LÚXUS PAKKI

ÓTAKMARKAÐ INTERNET,
2 FARSÍMAR MEÐ ÓTAKMÖRKUÐU
TALI, SMS OG ÓTAKMÖRKUÐU GAGNAMAGNI

AÐEINS KR. **14.480.-***

 **Hringiðan**
INTERNETÞJÓNUSTA

Skoðagata 19 - 101 Reykjavík - Sími 525 2400 - Hringiðan.is

* án aðgangsgjalts ljósléiðara

Hreyfiáskorun... til að bæta andlega og líkamlega heilsu.

Við hvetjum íbúa í okkar heilsueflandi samfélagi til að nýta sér vatnsleikfimis-æfingarnar sem eru komnar í sundlaugina á Flúðum. Úti í lauginni má finna spjald með góðum æfingum, en einnig er myndband með æfingunum inn á fésbókarhópnum:

Heilsueflandi Uppsveitir.

Eins skorum við á ykkur að nýta merktu gönguleiðina frá íþróttahúsinu, fylgja göngustígnum með fram Langholtsveginum og alla leið að Litlu Melabúðinni. Sveitarfélagið mun sjá til þess að öll leiðin sé sönduð og klár til notkunar. Leiðin er merkt á 100 metra millibili og má til dæmis ganga rösklega eða skokka fyrstu 100 og síðan fara hægt yfir næstu 100 metranna. Vegalengdin frá íþróttahúsinu og að Melabúðinni eru 600 metrar. Svo lengi sem gætt er að sóttvörnum, þá er ekkert að því að bjóða með einhverjum hreyfifélaga.



Látum það ganga! ☺

Baggamunur

Bókhalds- og skattþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is

866-9035



Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.



Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi
í síma 4-800-900 eða á slokkvitaeki@babubabu.is



RAFMAGNSVERKSTÆÐI
JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS



Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði, viðhald og viðgerðir
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499



Opið frá kl: 08:00-17:00

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufræðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is

Kjöt í hófi og fjölbreytt fæða

Í kjöti eru mikilvæg næringarefni á borð við prótein, járn og önnur steinefni. Hófleg neysla á óunnu, mögru kjöti getur því verið hluti af hollu mataræði.

Hins vegar sýna rannsóknir að mikil neysla á rauðu kjöti, sér í lagi unnum kjötvörum, geti aukið líkur á krabbameini í ristli og þyngdaraukningu. Feitar kjötvörur innihalda einnig mikið af mettaðri fitu. Með því að skipta út hluta af mettuðu fitunni fyrir ómettaðar fitusýrur má lækka LDL-kólesteról í blóði og minnka líkur á hjarta- og æðasjúkdómum.

Samkvæmt ráðleggingum um næringu:

Veljum frekar óunnið og magurt kjöt.

Takmarka neyslu á rauðu kjöti við 500 g á viku. Sérstaklega skal takmarka neyslu á unnum kjötvörum. Þetta samsvarar tveimur til þremur kjötmáltíðum á viku og smávegis af kjötáleggi.

Velja fisk, fuglakjöt, eggja-, bauna- eða grænmetisrétti í öðrum máltíðum vikunnar og sem álegg.

Velja skráargatsmerktar kjötvörur.



Kjöt í hófi



Takmarka skal neyslu á rauðu kjöti við 500 g á viku. Unnar kjötvörur á sérstaklega að takmarka.



Sól



og

Máni



VETRAROPNUN LITLU MELABÚÐARINNAR

MÁNUDAGUR : 11-13 & 15-17
ÞRIÐJUDAGUR : LOKAÐ
MIÐVIKUDAGUR : LOKAÐ
FIMMTUDAGUR : 11-13 & 15-17
FÖSTUDAGUR : 11-13 & 15-17
LAUGARDAGUR : 12-17
SUNNUDAGUR : 12-17

facebook.com/litlamelabudin
instagram.com/litlamelabudin
S:694-6768

"Hjónaball 2021

Hjónaballi Hrunamanna hefur verið frestað um óákveðinn tíma.

Engar áhyggjur við munum láta ykkur vita þegar ný dagsetning kemur.

Nefndin"



NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fáanleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it´s available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -
Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com -
facebook.com/NG ehf



80
STAÐIR
UM LAND ALLT

E **EIMSKIP**
Flytjandi



PARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.
Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.
Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning
eða reglubundna flutningsþjónustu.

E **EIMSKIP**
Flytjandi


Háhaiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is

Kæru sveitungar ég hef opnað Fótaaðgerðastofu í Miðfelli 2a.
Opnunartími 8-16 alla virka daga
eða eftir samkomulagi.
Tímabantanir í síma 8676580.
Hlakka til að sjá ykkur
Kær kveðja
Adda Sigga löggiltur fótaaðgerðafræðingur



Afréttargirðing

Hrunamannahreppur óskar eftir tilboðum í endurnýjun
afréttargirðingar á Hrunamannaafretti á tæplega 4. km kafla.
Um er að ræða kafla í framhaldi af endurnýjun
girðingarinnar á síðasta ári.
Tilboðum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps
fyrir 26. janúar.
Allar nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri í síma 480 6600,
einnig er hægt að senda fyrirspurnir á jon@fludir.is





Sorphirða 2021

Hrunamannahreppur

Hrunamannahreppur

janúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

febrúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28						

mars						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31			

apríl						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	

maí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

júní						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

júlí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31






ágúst						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

september						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

október						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

nóvember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30				

desember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

-  Sorp - Efri Hrunamannahreppur
-  Sorp - Neðri Hrunamannahreppur
-  Blátt - Allur Hrunamannahreppur
-  Brúnt - Allur Hrunamannahreppur
-  Rúlluplast - Allur Hrunamannahreppur

s. 577 5757

igf@igf.is



www.gamafelagid.is